

**2. fundur Byggingar-,skipulags- og umhverfisnefnd haldinn Miðtúni 1,
Táknafirði, fimmtudaginn 8. maí 2014
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Guðlaug Björgvinsdóttir (GB) aðalmaður, Aðalsteinn Magnússon (AM) aðalmaður, Sigurvin Hreiðarsson (SH) formaður, Árni Traustason (ÁT) byggingafulltrúi, Óskar Örn Gunnarsson (ÓÖG) skipulagsfulltrúi og Elfar Steinn Karlsson (ESK) embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elfar Steinn Karlsson,

Dagskrá:

1. 1405020 - N1, uppgröftur geyma - Strandgata 28.

Erindi frá N1 ehf. Í erindinu er sótt um leyfi fyrir til að grafa upp gamla geyma sem eru á lóð félagsins að Strandgötu 28. Um er að ræða 3 geyma.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið að því tilskyldu að olíulagnir milli þáverandi dælu og tanka, ásamt olíuskilju(m) verði einnig teknar upp.

Komi í ljós að jarðvegur sé mengaður undir tönkum, lögnum eða skiljum skal úr því bætt með loftun eða jarðvegsskiptum, að mati Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða.

Heilbrigðisfulltrúi eða byggingarfulltrúi verði kallaðir til úttektar þegar efnið hefur verið grafið upp.

2. 1307018 - Deiliskipulag virkjun Keldár

Tekið fyrir deiliskipulag virkjun Keldeyrará. Deiliskipulagið var auglýst frá 9. desember 2013 til 24. Janúar 2014. Beðið er frekari gagna. Málinu frestað.

3. 1404020 - Deiliskipulag hafnarsvæðis Táknafirði

Deiliskipulag Táknafjarðarhafnar tekið fyrir, greinargerð og uppdráttur dags. 5. Maí 2014. Deiliskipulagið er unnið af Landmótun sf.

Deiliskipulagssvæðið liggur neðan Strandgötu frá Strandgötu 20 að Hólsá. Svæðið sem um ræðir liggur innan skilgreinds hafnarsvæðis, athafnasvæðis A4/A5 og iðnaðarsvæðis I4 samkvæmt Aðalskipulagi Táknafjarðarhrepps 2006-2018.

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir tillöguna og felur skipulagsfulltrúa að kynna og auglýsa tillöguna skv. 40 og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 1404023 - Afturköllun á starfsábyrðgartryggingu

5. 1402066 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám undir rafmagnstöflur

Umsókn frá Bæjarvík ehf. um stöðuleyfi fyrir gám að Gileyri.

Samþykkt af byggingarfulltrúa þann 03.02.2014.

Lagt fram til kynningar.

6. 1402061 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir 40ft flutningsgám.

Umsókn frá Dýrfisk hf. um stöðuleyfi fyrir gám í landi Norður-botns.

Samþykkt af byggingarfulltrúa þann 10.02.2014

Lagt fram til kynningar.

7. 1402060 - Umsókn um stöðuleyfi fyrir súrefnistank við fiskeldisstöð

Umsókn frá Dýrfisk hf. um stöðuleyfi fyrir súrefnistank í landi Norður-botns.

Samþykkt af byggingarfulltrúa þann 17.02.2014

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____